



Hverjir eru að kenna?

Öðru hvoru berast skrifstofu FG ábendingar um að aðrir en kennarar og leiðbeinendur með undanþágu sinni kennslu. Eins og allir vita er þetta ekki heimilt. Þann 20. júní síðastliðinn sendi FG bréf til trúnaðarmanna og skólustjórnenda. Þar segir m.a.:

Af gefnu tilefni er áréttað að ekki er heimilt að fela öðrum kennslu í grunnskóla en þeim sem hafa til þess tilskilin leyfi sbr. lög nr. 86 frá 1998, „Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra“.

Þó nokkuð af ábendingum hefur borist Félagi grunnskólakennara um að stuðningsfulltrúum og skólalíðum sé falin forfallakennsla. Einnig berast ábendingar um að þessir aðilar hafi sinnt bekkjar-kennslu til lengri tíma. Þetta er að sjálfsögðu með öllu óheimilt.



Annaruppbót 1. desember 2005 er kr. 50.367,-

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvern annar, þ.e. 1. desember og 1. júní, kr. 50.367.- í hvort skipti og hækkar annaruppbótin í áföngum 1. janúar ár hvert á samningstímanum. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma.



Endurskoðunarákvæði í kjarasamningi KÍ og LN vegna grunnskólans

Í kjarasamningi FG og SÍ er eftirfarandi ákvæði:

„Aðilar skulu taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarapróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um.“
Ekkert stéttarfélag sem samdi við LN og sveitarfélögin á rétt á endurskoðun sem sambærileg er við samning ASÍ við samtök atvinnulífsins frá 2004. Hins vegar fengu félagar í KÍ vegna framhaldsskólans, BHM og BSRB sem starfa hjá ríkinu 26.000 króna eingreiðslu og til viðbótar prósentuhækkun frá 1. janúar 2007.

Vissir þú.... úr úthlutunarreglum sjúkrasjóðs

3. gr.

1. Sjóðfélagar fá styrk vegna meðferðar hjá eftirtöldum meðferðaraðilum: Hnykkjara (kírópraktor), iðjubjálfa, sjúkraþjálfara eða talmeinafræðingi. Greiddar eru 1.200 kr. í allt að 24 skipti á hverju 12 mánaða tímabili.
2. Sjóðfélagar fá styrk vegna meðferðar hjá nuddara. Greiddar eru 2.000 kr. í allt að 15 skipti á hverju 12 mánaða tímabili.
3. Sjóðfélagar fá styrk vegna meðferðar hjá eftirtöldum meðferðaraðilum: Félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sálfræðingi. Greiddar er 4.000 kr. í allt að 15 skipti á hverju 12 mánaða tímabili.
4. Sjóðfélagar fá styrk vegna faghandleiðslu hjá viðurkenndum handleiðurum. Greiddar eru 4.000 kr. í allt að 12 skipti á hverju 12 mánaða tímabili.

Í sólina á Spáni sumarið 2006

Fimmtudaginn 10. nóvember var byrjað að selja í ferðir sem verða í boði til Spánar á vegum Orlofssjóðs KÍ árið 2006. Aldrei hafa verið fleiri leiguvikur í boði. Orlofssjóður hefur tekið á leigu hjá Sumarferðum 11 íbúðir í Calpe á þremur hótelum. Nú er í fyrsta sinn boðið upp á hótalgistingu á Mallorca, í boði eru 6 íbúðir á Hótel Alcudia Pins og Hótel Viva Bahaiá. Einnig verða í boði 6 íbúðir og hús í Torre Vieja. Alls er boðið upp á 312 leiguvikur á Spáni í sumar.

Sjá nánar á heimasíðu Orlofssjóðs um Spánarferðir 2006, <http://ki.skyrr.is/orlof/>



Nýir svæðaformenn

Svæðafélögin hafa lokið aðalfundum sínum. Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórnnum félaganna og nokkrir nýir svæðaformenn tekið við. Í KMSK (Kennarafélagi Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kópavogs) var Sigðurður Haukur Gíslason kennari í Snælandsskóla

kosinn formaður. Hjá BKNE (Bandalagi kennara á Norðurlandi eystra) var Daníel Freyr Jónsson kennari í Giljaskóla á Akureyri kosinn formaður. Sigurður Þór Ágústsson kennari í Grunnskóla Húnaþings vestra var kosinn formaður KSNV (Kennarasambands Norðurlands vestra).

Kjarasamninginn okkar má finna á heimasíðu Kennarasambandsins, www.ki.is

